

**281. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ fimmtudaginn 30. janúar 2020, kl. 16.00.**

**Mætt:** Haraldur Helgason, formaður, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Ingvi Hákonarson, fulltrúi Reykjanesbæjar, Birgitta Káradóttir, fulltrúi Grindavíkur, Inga Rut Hlöðversdóttir, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga og Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, Ásmundur E. Þorkelsson, Sonja Hrund Steinarsdóttir, Helgi Haraldsson og J. Trausti Jónsson. Hanna Björg Konráðsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar boðaði forföll.

**Dagskrá:**

1. Starfsleyfi.
2. Aðkoma HES að hugsanlegri náttúruvía í Svartsengi.
3. Álit Umboðsmanns Alþingis.
4. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

**1. Starfsleyfi.**

**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.**

**Ný starfsleyfi.**

- Patrycja Mach, kt. 150792-3599, Hringbraut 92, 230 Reykjanesbæ til að selja te í netverslun.
- Arctic Sea Minerals ehf., 540612-1960, Flugvallarbraut 734, 262 Reykjanesbæ til þökkunar og dreifingar á matarsalti.
- Heilsuleikskólinn Suðurvellir, kt. 551096-2039, Suðurgötu 2-4, 190 Vogum til að reka leikskóla með mótuneyti.

**Eftirtöldum er veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími leyfa er 12 ár.**

- Grindavíkurbær, kt. 580169-1559, Austurvegi 3 og 3b, 240 Grindavík til að reka knattspyrnuvelli.
- Slysavarnardeildin Þórkátla, kt. 560190-2049, Seljabót 10, 240 Grindavík til að reka samkomuhús.
- Útskálaskóli, kt. 670269-5749, Útskálum, 250 Garði til að reka kirkju.
- Heimilið við Túngötu 15-17, kt. 430901-2730, Túngötu 15-17, 240 Grindavík til að reka sambýli þar sem veitt er þjónusta allan sólarhringinn.
- Verkalýðsfélag Grindavíkur, kt. 540775-0529, Víkurbraut 46, 240 Grindavík til að reka samkomuhús.
- Framsóknarfélag Reykjanesbæjar, kt. 450190-1799, Hafnargötu 62, 230 Reykjanesbæ til að reka samkomuhús.
- Kópa hótél ehf., kt. 491013-1090, Tjarnarbraut 24, 260 Reykjanesbæ til að reka hótél með morgunverðarárstöðu.
- Nordic Training ehf., kt. 611019-2700, Holtsgötu 52, 260 Reykjanesbæ til að reka líkamsræktarstöð. Starfsleyfi veitt til eins árs til reynslu.

**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfis er 12 ár, nema annað sé tekið fram.**

- Bilapunkturinn ehf., kt. 601219-1080, Grófinni 7, 230 Reykjanesbæ til að reka bifreiðasprautun og -réttingar.
- Nýsprautun ehf., kt. 651099-2349, Njarðarbraut 15, 260 Reykjanesbæ til að reka bifreiðasprautun og bifreiðaréttingar.
- N1 ehf., kt. 411003-3370, Grænásbraut 552, 262 Reykjanesbæ til að reka sjálfsafgreiðslubensinstöð.
- N1 ehf., kt. 411003-3370, Kjóavelli 4, 235 Keflavíkurlflugvelli til að reka sjálfsafgreiðslubensinstöð.
- N1 ehf., kt. 411003-3370, Iðndal 2, 190 Vogum til að reka sjálfsafgreiðslubensinstöð.
- N1 ehf., kt. 411003-3370, Háaleitishlað 6, 262 Reykjanesbæ til að reka sjálfsafgreiðslubensinstöð.
- Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., kt. 410693-2169 til jarðborana á landi Samherja fiskeldi á Stað, 240 Grindavík.
- Nesfiskur ehf., kt. 410786-1179, Gerðavegur 32, 250 Suðurnesjabæ til að reka fiskvinnslu. Starfsleyfið er gefið út til 31. desember n.k. meðan unnið er að úbótum í fráveitumálum.

**2. Aðkoma HES að hugsanlegri náttúruvía í Svartsengi.**

Farið var yfir neysluvatnsmál Suðurnesjamanna og þær ógnir sem steðja að vegna hugsanlegrar náttúruvár við Svartsengi. Þá voru ræddir þeir valkostir sem eru í stöðunni til að tryggja Suðurnesjamönnum heilnæmt vatn komi til skemmda vegna náttúruhamfara.

**3. Álit Umboðsmanns Alþingis.**

Framkvæmdastjóri reifaði álit umboðsmanns vegna verklags við hreinsanir á lóðum og lendum og þá sér í lagi varðandi númerslausa bíla. Í álitinu snýr umboðsmaður niðurstöðu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Niðurstaðan

kallar á breytt verklag þegar embættið verður áskynja um númerslaus bílhæ á lóðum við sérbyli. Unnið er að því að móta endurskoðað verklag sem fellur að fyrrnefndu álit.

#### **4. Önnur mál.**

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 17:10.